



Brunavarnaáætlun



Slökkvilið Vestmannaeyja
2015-2020

Efnisyfirlit

Samþykkt	1
Markmið	2
Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar	2
Gerð brunavarnaáætlunar	2
Endurskoðun brunavarnaáætlunar	3
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar	3
1. Áhættumat	4
2. Þjónustustig.....	5
3. Skipulag slökkviliðsins	6
3.1 Verkefni slökkviliðs	7
3.2 Forvarnarstarf	7
3.3 Útkallsstarf.....	8
3.3.1 Tækni- og þróunarmál	8
3.3.2 Útkallsdeild.....	9
3.4 Annað.....	10
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	11
4.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf	11
4.2 Svar- og greiningartími	11
4.3 Boðunartími	11
4.4 Virkjunartími	11
4.5 Viðbragðstími	11
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður.....	12
5.1 Húsnæði	12
5.2 Bifreiðar	12
5.3 Búnaður.....	14
5.4 Fjarskipti	16
5.5 Viðvörunarbúnaður	16
5.6 Æfingasvæði	16
5.7 Annað.....	16
6. Landupplýsingar	17
7. Vatnsból og brunahanar.....	17
8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur	18
9. Höfnin.....	31
10. Samkomulag og samningar	32
11. Annað	32

12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun	33
12.1 Húsnæði	33
12.2 Bifreiðar	33
12.3 Menntun og búnaður	33
12.4 Framkvæmdaáætlun	34
Dreifingarlisti	36
Heimildir	36
Fylgiskjöl	37
Fylgiskjal 1	38
Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits	39
Fylgiskjal 2	40
Menntun slökkviliðsmanna samkvæmt reglugerð	41
Fylgiskjal 3	42
Fylgiskjal 4	43
Fylgiskjal 5	44
Fylgiskjal 6	45
Æfingaáætlun	45
Fylgiskjal 7	46
Brunahanar	46
Fylgiskjal 9	48
Staðsetning brunahana	48

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Vestmannaeyja (SLV) samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunnar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Framkvæmd brunavarnaáætlunar er ætíð háð fjárveitingum sem Slökkvilið Vestmannaeyja hefur í fjárhagsáætlun fyrir hvert fjárhagsár.

Vestmannaeyjar /

f.h. Vestmannaeyjabæjar

Slökkviliðsstjóri

f.h. Mannvirkjastofnunnar

Markmið

Markmið Slökkviliðs Vestmannaeyja (SLV) með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Jafnframt er eitt af megin markmiðum SLV með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SLV eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gaf út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkviáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins. Vinna við gerð áhættumats og viðbragðsáætlana hófst í byrjun árs 2015 og mun ljúka á árinu.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöð slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SLV. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfssvæði SLV sem áhrif hafa á starfsemi þess, og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Eftirtöldum aðilum var upphaflega gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar SLV.

Almannavarnarnefnd Vestmannaeyja
ISAVIA
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
Mannvirkjastofnun
Bæjarstjórn Vestmannaeyja

Neyðarlínan
RKÍ Vestmannaeyjadeild
Björgunarfélagi Vestmannaeyja
Hitaveitu Suðurnesja
Framkvæmda-og hafnarráð

1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu $\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$

Hér verður áhættugreining byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Gert er ráð fyrir að hefja vinnu við samræmt áhættumat og slökkviáætlanir á starfssvæði SLV á árinu 2015 og mun því verki ljúka á árinu. Í dag eru mengunar- og slökkviáætlanir ekki til fyrir allar stærri áhættur innan starfssvæðisins.

Áhætta á starfssvæði SLV eru mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins á viðkomandi stað. Þó ber að taka fram að SLV er ein heild og kemur fram sem eitt afl. Hér fyrir neðan er listi yfir flest stærstu fyrirtækin og þær áhættur sem eru ráðandi .

- Barnaskóli Vestmannaeyja
- Eimskip
- Eldheimar(safnahús)
- Fiskimjölsværksmiðjan FES
- Fiskimjölsværksmiðjan FIVE
- Framhaldsskólinn
- Frístundaheimilið Rauðagerði
- Frystiklefi VSV
- Gistiheimilið Heimir
- Gistihúsið Hamar
- Hamarsskóli
- Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum
- Hótel Eyjar
- Hótel Vestmannaeyjar
- Hraunbúðir-dvalarheimili fyrir aldraða
- Höllin samkomuhús
- Ísfélag Vestmannaeyja
- Íþróttamiðstöðin
- Landakirkja
- Leikskólinn Kirkjugerði
- Leikskólinn Sóli
- Marhólmar/Stakkur
- Netagerðin Isnet
- Netagerðin NET
- Olúdreifing birgðastöð
- Sagnheimar(safnahús)
- Samskip
- Skeljungur birgðastöð
- Skipalyftan
- Vinnslustöðin hf

2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

1. *Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss*
Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn SLV, hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun er í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Það er að lágmarki 20 klst. á ári.
2. *Slökkvistarf innanhúss og reykköfun*
Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn SLV gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum.
3. *Þjörgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum*
Í Vestmannaeyjum eru til staðar ein ný(árg 2013) og önnur eldri þjörgunartæki til þjörgunar m.a. úr bílflökum. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun í notkun þeirra. Slökkvilið sinnir þessum þætti starfseminnar.
4. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*
Í Vestmannaeyjum eru til tveir eiturefnabúningar, sem þarf að fara að endurnýja og kerra með lágmarksbúnaði til að bregðast við minniháttar óhöppum s.s. olú- og ammoníaklekum, en grunnbúnaður til að hreinsa upp olú og bensín er til hjá Vestmannaeyjahöfn. Miðast hann þó aðeins við mengunaráhapp í eða við höfnina. Þjálfun hefur í dag einungis miðast við að taka á ammoníakleka í frystihúsum. Heildarlausn vegna mengunaráhappa er ekki til sem stendur og hefur ekki verið tekið á þeim þætti sem fram kemur í lögum nr. 75/2000 um brunamál, þar sem kemur fram að viðbrögð vegna mengunaráhappa á landi er á höndum slökkviliðs sveitarfélagsins. Slökkvilið mun sjá um þennan þátt en við stærri mengunarslys hefur verið leitað aðstoðar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins SHS en gera þyrfti samning vegna þess.
5. *Eldvarnareftirlit*
Skoðunarskyldir staðir á starfssvæði SLV eru um 120 eða u.þ.b. 150 skoðanir á ári. Slökkvilið sinnir eldvarnareftirliti á svæðinu.
6. *Önnur þjónusta*
Dælingar
Slökkviliðið hefur í neyðartilfellum farið með dælubúnað út á sjó til að hjálpa til með dælubúnaði sínum, ef skip á í vandræðum vegna leka og eins þegar eldsvoði er í skipi við Eyjar. Einnig sinnir liðið dælingum úr heimilum og fyrirtækjum vegna vatnstjóna.
Slökkvistörf í skipum
Slökkviliðið sér um öryggisvaktir þegar olúskip með bensínfarm er í höfn.
Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum sem eru bundin við bryggju.


Slökkvistörf á flugvelli

Á flugvellingnum er staðsettur slökkvibíll í eigu ISAVIA og er hann þar þegar flugvélar koma og fara (flugtök og landingar). Auka þyrfti samvinnu þ.e. þjálfun og æfingar milli SLV og flugvallarliðs.

3. Skipulag slökkviliðsins

Skipurit fyrir SLV er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna. Hjá SLV er fastráðinn slökkviliðsstjóri í 100% starfshlutfalli og má það ekki vera minna svo hægt sé, með góðu móti að sinna þeim síauknu kröfum og skyldum sem settar eru á slökkviliðin í landinu. Einn varaslökkviliðsstjóri, tveir varðstjórar, þar af annar sem sinnir eldvarnareftirliti, en auk þeirra eru 26 skipaðir slökkviliðsmenn. Bæjarsjóður Vestmannaeyja greiðir öllum slökkviliðsmönnum samkvæmt samningi fyrir útköll og æfingar. Samstarf er á milli lögreglu, starfsmanna ISAVIA, Björgunarfélags Vestmannaeyja og slökkviliðsins.

Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi Vestmannaeyja. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 20 og alls eru 10 lögreglumenn á vegum lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Hjá ISAVIA eru 4 starfsmenn sem þjálfaðir eru í flugvélabrunum. A.m.k. 7 menntaðir sjúkraflutningamenn eru í eyjum, þ.a. 4 starfandi á sjúkrabílum. Í slökkviliðinu þurfa að vera allt að 30 slökkviliðsmenn á hverjum tíma.



Mynd 1: Skipurit Slökkviliðs Vestmannaeyja

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur SLV á grundvelli gildandi laga, reglugerða og samþykkt. Slökkviliðsstjóri skipar aðra staðgengla sína og að jafnaði skulu vera fjórir menn sem skipta með sér bakvöktum allt árið. Stjórn útkalla er á ábyrgð þess er stendur bakvaktina hverju sinni. Í útköllum er einn slökkviliðsmaður staðsettur í slökkvistöðinni. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitastjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- Stjórna starfseminni og samræma og tryggja að hópur slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur SLV og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma.
- Gera- og viðhalda brunavarnaáætlun sveitarfélagsins
- Stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum

3.1. Verkefni slökkviliðs

SLV sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr sjó, slökkvistarfi innan og utanhúss, reykköfun, reyklosun, björgun fólks með klippum, glennum eða öðrum búnaði úr bílum og byggingum, mengunarslysum og eldvarnaeftirliti. Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöðinni og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf í samræmi við þjónustustig, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna. Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa er ekki til í dag, en byrjað verður á þeirri vinnu á árinu 2015 og verkinu lokið það ár. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í samræmi við kröfur og reglur Mannvirkjastofnunar.

Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;

Slökkvilið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum sem eru bundin við bryggju og verður tiltækt vegna slökkvistarfa á flugvelli sé þess óskað en gera þarf samstarfssamning á milli SLV og ISAVIA á árinu 2015.

3.2. Forvarnarstarf

Eldvarnaeftirlit í Vestmannaeyjum er í dag á verksviði varðstjóra SLV sem sinnir því samhliða öðrum störfum og er hann menntaður sem eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III frá Brunamálaskólanum. Forvarnarstarfið felst m.a. í reglulegu eldvarnaeftirliti í stofnunum og fyrirtækjum, forvarnafræðslu fyrir börn í tengslum við Eldvarnavíkuna sem haldin er árlega og fræðslu fyrir fullorðna í fyrirtækjum og félagasamtökum.

Dagleg umsýsla forvarna heyrir undir eldvarnaeftirlismann og slökkviliðsstjóra, en miðað við fjölda skoðanna og umsagna, þá þarf stöðugildi eldvarnaeftirlits að vera a.m.k. 50-60%

Helstu verkefni forvarna eru:

- ráðgjöf til hönnuða
- skoðun teikninga bygginganefndar
- úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga
- umsögn vegna veitinga- og gististaða
- sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum
- fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- fræðsla í skólum um eldvarnir
- slökkviliðsstjóri situr fundi Umhverfis- og skipulagsráðs og/eða Framkvæmda- og hafnaráðs þegar þurfa þykir.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnarmála er í höndum slökkviliðsstjóra.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera menntaður eldvarnaeftirlitsmaður og hafa hlotið menntun á því sviði sem eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Starfsmaður á að vera upplýstur um allar nýjungar varðandi hinar ýmsu reglur og reglugerðir. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792 /2001. Skoðunarskyldir staðir eru listaðir upp í fylgiskjali 1.

3.3. Útkallsstarf

Verksvið útkallsdeildar er annars vegar tækni- og þróunarmál og hins vegar útköll. Dagleg umsýsla tækni- og þróunarmála og útkallsdeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra. Gera skal kröfu um að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. grein laga nr. 75/2000.

Útkall liðsins er í höndum neyðarlínu sem sendir boð með SMS skilaboðum og er það með eftirfarandi hætti : F1- mjög alvarlegt , F2- alvarlegt, F3- lítil hætta

3.3.1. Tækni- og þróunarmál

Skipulag

Undir tækni- og þróunarmál eru m.a átt við. :

- almannavarnir
- slökkvistarf
- tæki og búnaður
- umhverfis- og mengunarmál

Slökkviliðsstjóri stýrir ofangreindum verkefnum og starfsmenn sinna tilfallandi verkefnum. Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Hann leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru.

- björgunar- og slökkvistörf
- viðbrögð vegna mengunarslysa
- umhirða húsnæðis
- umhirða bifreiða og búnaðar
- almannavarnir og aðgerðarstjórnun
- viðhald og prófun á fjarskiptakerfum
- æfingar og þjálfun starfsmanna

3.3.2. Útkallsdeild

Helstu verkefni

Útkallsdeild-helstu þjónustuhlutverk:

- slökkvi- og björgunarstörf
- eftirlit tækja og búnaðar

Verkefni eru meðal annars:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun vegna umferðaróhappa
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- slökkvistarf í skipum og flugvélum

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjórar bera faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra. Fjöldi slökkviliðsmanna er allt að 30 í heildina og teljast allir vera hlutastarfsandi slökkviliðsmenn fyrir utan slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmann. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa verkefni sem koma inn á borð slökkviliðsins í samræmi við þjálfun og menntunarstig slökkviliðsmanna. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við þjónustustig. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir ekki færir um að stunda reykköfun.

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna með reykköfunarréttindi á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 12 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starfa vegna klippuvinnu á hverjum tíma. Í dag eru 18 slökkviliðsmenn í hópnum.
- Í samræmi við þjónustustig hafa á hverjum tíma 80% slökkviliðsmanna lokið grunnnámi hlutastarfsandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 12 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa á hverjum tíma. Í dag eru 18 slökkviliðsmenn í hópnum.
- Slökkviliðsmenn (a.m.k.12) æfa reykköfun og slökkvistarf um borð í skipum og bátum.
- Vegna Vestmannaeyjaflugvallar muni a.m.k. 12 slökkviliðsmenn vera þjálfaðir í slökkvistarfi á flugvöllum(flugvélum)
- Mengunarslyshópur er útbúinn lágmarksbúnaði til að takast á við helstu eiturefni og spilliefni sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Búnaðurinn samanstendur m.a. af fjórum eiturefnagöllum, uppsogsmottum, hreinsiefnum og dælum til að eiga við olíuleka og þess háttar spilliefni. Auk þess hefur SLV yfir að ráða nýjum og öflugum björgunarklippum. Vinna skal viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa.

Í útköllum er unnið eftir skipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og þjónustustig. Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjali 6.

Slökkviliðið sinnir menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur og þjónustustig. Menntunaráætlun er að finna í fylgiskjali 2.

3.4. Annað

Slökkvilið mun aðstoða við slökkvistarf á flugvelli ef þess er óskað. Auk þess sinnir slökkviliðið slökkvistarfi og dælingum í skipum.

Í dag eru auk þess fjórir slökkviliðsmenn orðnir löggiltir sjúkraflutningamenn með EMT-I réttindi.

Síðastliðin ár hefur slökkviliðið sent alla liðsmenn í nákvæma lækni- og heilsufarsskoðun samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunnar.

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Í stjórnstöð slökkviliðsins er fjarskiptamiðstöð brunavarna. Þar eru talstöðvar á öllum helstu tíðnum björgunaraðila á VHF. Neyðarsvörin er í höndum neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um bakvaktarmann og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum. Í slökkvistöð eru tveir símar og talstöð. Sama fyrirkomulag er við almannavarnaraðstöður. Alltaf er a.m.k. einn starfsmaður staðsettur á slökkvistöð sem sinnir fjarskiptum og fleiru í útköllum. Koma þyrfti upp fastri TETRA-stöð á slökkvistöð

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf.

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við almannavarnanefnd Vestmannaeyja og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVDRLS. Ekki er til sérstak rit vegna þessa. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru; ammoníuleki, meiriháttar náttúruhamfarir, mengunarslys, stór bruni o.s.f.r. Hægt er að keyra um með sírenu, kallkerfi og láta almenning þannig vita af yfirvofandi hættu. Auk þess ætti að vera hægt að senda SMS í alla farsíma á vikomandi hættusvæði.

4.2. Svar- og greiningartími.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,7 sek. og greiningartími er allt að 1,5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

4.3. Boðunartími.

Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum. Í F1 og F2 útköllum er liðið ræst beint af Neyðarlínu, en við minniháttar aðgerðir F3 og F4 útköll þá hefur Neyðarlínan haft samband við stjórnanda og ræst út viðeigandi mannskap og bjargir í samráði við hann.

Viðmiðið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn úr stöð innan fjögurra mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna, almannavarnanefndarmanna og aðgerðarstjórn AVS. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá SLV er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavá.

4.4. Virkjunartími.

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 30 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður a.m.k. fjórum sinnum á ári. Slökkvistarf á að vera komið í gang inná þriggja mín. frá því að slökkviliðið kemur á staðinn með a.m.k 5 menn.

4.5. Viðbragðstími.

Viðbragðstíma er aðeins skipt upp í eitt tímabil þar sem Heimaey flokkast sem útkallssvæði 1, þar sem gert er ráð fyrir því að slökkvistarf geti hafist innan 10 mín frá greiningartíma. Sjá mynd af Heimaey í fylgiskali 3.

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins. Búnað þarf að afskrifa í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

Áætlaður rekstarkostnaður á ári er í dag um 28. milljónir en bæta þyrfti töluvert við þá upphæð vegna aukins viðhalds og endurnýjunar á búnaði sem kominn er til ára sinna.

Hér er ekki um tæmandi lista að ræða, heldur upptalningu sem gefur góða yfirsýn yfir núverandi ástand.

5.1. Húsnæði

Slökkvistöðin er við Heiðarveg 15 er tvílyft hús byggt úr steinsteypu árið 1946. Á efri hæð þess er náttúrugripa- og fiskasafn, en á jarðhæð er slökkvistöðin. Húsið er 867 m² að flatarmáli. SLV hefur fyrir sína starfsemi 315 m² af neðri hæð og um 65 m² geymslu í kjallara. Mikið skortir á að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til slíks húsnæðis og er starfsmannaaðstaða þar efst á blaði, auk þess sem mjög þröngt er um tæki og búnað liðsins.

Húsið Heiðarvegur 15 er í eigu Vestmannaeyjabæjar og er rekstur þess í umsjá eftirlitsmanns fasteigna bæjarins.

5.2. Bifreiðar

Bifreiðar SLV eru í eign Vestmannaeyjabæjar en rekstur bifreiðanna fellur undir málaflokk um Brunavarnir. Meðalaldur útkallsbifreiða SLV er 28.ár

Bifreiðakostur SLV er ástandsflokkaður miðað við einkunnirnar: *ágætt, gott, sæmilegt, lélegt*



91-131 Dælu og tækjabíll

Iveco 120-25 AW árgerð 1990, 2.500l vatnstankur, 200l froðutankur, dæla 4.500 l/min, 2. slöngukefli fyrir háþrýsting. Dæla orðin slitin og eins er bíllinn kominn fram yfir afskriftartíma. Ástand gott.



91-132 Dælu og tækjabíll

M-Benz 1222 árgerð 1988, 2.500l vatnstankur, 100l froðutankur, dæla 3.400 l/min, 1. slöngukefli fyrir milliprýsting. Kominn fram yfir eðlilegan afskriftartíma. Ástand gott.



91-133 Dælubíll/lagnabíll

International árgerð 1965, 2.200l vatnstankur, dæla 2000l/mín. Kominn langt fram yfir eðlilegan afskriftartíma. Vatnstankur ónýtur. Ástand lélegt.



91-151 Tankbíll

Scania 93M 360 árgerð 1985, 10.000l vatnstankur. Goda dæla 1500l/min og 10.000 l Vetter sundlaug. Nýlega uppgerður að flestu leyti en vél þarfnast frekara viðhalds.

Ástand gott.



91-161 Mannskaps/snattbíll

Ford Explorer sport-track árg 2007

Ástand ágætt.



91-112 Fornbíll/safngripur

Chevrolet árg 1929

Safngripur og ekki hluti af útkallsflota Slökkviliðsins.



Vestmannaeyjaflugvöllur. ISAVIA

Flugvalla/húsbrunabíll í eigu Isavia. Man 19.403 FAK, 400 hö. 4.500 l. vatnstankur og 500 l. froðutankur. Rosenbauer slökkvidæla (NH30) afkastar 3000 l/mín við 10 bar og háþrýstihlið skilar 400 l./mín við 40bar.

Ástand ágætt.

5.3. Búnaður

Allur búnaður er í eigu Vestmannaeyjabæjar og ber slökkviliðsstjóri ábyrgð á vörslu hans og endurnýjun innan fjárhagsáætlunarramma.

Lausar dælur.

Rosenbauer 1600 l/min. árg. 1999..... gott ástand
Godiva 1500l/min.....gott ástand
Climax 900 l/min. árg. 1940.....nothæft ástand

Lóðsinn hafsögubátur eignadi Vestmannaeyjahöfn.

Rotax-Werk AG Wells 4167 l/mín.....nýleg

Tengt dælunni er froðubúnaður með 200 ltr. forðageymi.

Hafnarsjóður hefur látið gera breytingar á búnaði Lóðsins með það að markmiði að koma sjó frá honum upp á bryggju og SLV hefur látið gera tengi og greinarstykki til að geta tekið á móti og nýtt sér allan dælukraft hans.

Slöngur.

Stofnlagnir 4“	500m
Fæðislöngur 2½”	1500m
Vinnuslöngur 2”	320m
Vinnuslöngur 1½”	375 m
Háþrýsti slöngur 1”	200 m
Sogbarki	14 stk

Stútar.

“Groundmonitorar”	3 stk
Fogfighter (vatnsveggur)	1 stk
AWG(greinistykki)	8 stk
Akron stútur fyrir 2½” slöngu	2 stk
Unifire ýmsar stærðir.....	5 stk
Aðrar gerðir ýmsar stærðir	15 stk

Björgunarklippur o.fl

Holmatro björgunartæki, klippur, glennur og tjakkar.(árg.2013).....	1 stk
Bauer 330 bar loftdæla fyrir reykköfunartæki	1.stk
Vetter lyftipúðar ásamt stýribúnaði og fylgihlutum	4 stk
Ýmiskonar hand- og rafmagnsverkfæri og ljósabúnaður í góðu standi.	
Rafstöðvar (bensín) 3.8 kw.....	2 stk

Reykköfunarbúnaður. Eftirlit með tækjunum er skv. reglugerð:

AGA reykköfunartæki,	2 stk
Fenzy 5000 reykköfunartæki	11 stk
Varahylki	8 stk
Hlíððarfatnaður (11. Gallar þarfnast endurnýjunar)	30 stk

Stigar

Sex lausir stigar á bílum	
Makríus (18 m) dráttarstigi árg. 1965.....(nothæfur) ástand sæmilegt	
Froða.....	600 l

Reyklosunarbúnaður.

Bensín FanRam yfirþrýstingsblásari og 2 rafmagnsblásarar.....	3 stk
Tempest Power Blower 30.000m ³ með Hondu vél 6,5hp kom 2005.	1 stk

Mengunarvarnarbúnaður.

Eiturefnagallar (þ.a.2.einnota)(þarfnast skoðunnar og endurnýjunar).....	4 stk
Kerra með grunnbúnað v/eiturefnaslysa.....	1 stk

Vestmannaeyjahöfn hefur yfir að ráða mengunarvarnarbúnaði, sem miðast við mengunaróhapp við höfnina, en getur sjálfsagt nýst víðar.(Sjá nánar í 9.kafli)

Bátaflotinn: í hverjum báti eru yfirleitt tvenn reykköfunartæki auk aukahylkja, sem SLV hefur fengið að láni, ef þurft hefur. Flest skip í Eyjaflotanum eru með Fenzy reykköfunartæki.

5.4. Fjarskipti

Notast er við VHF fjarskipti á lokaðri rás slökkviliðsins. Engar varaleiðir eru til staðar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhald, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma sem slökkviliðið útvegar hverjum og einum.

Handstöðvar.....	13 stk
Fjarskiptabúnaður reykkaflara	4 stk
Fastar talstöðvar í slökkvibifreiðum	2 stk
Föst talstöð í varðstofu.....	1 stk
Tetra-handstöðvar.....	4 stk

Talstöð á varðstofu hefur auk slökkviliðsrásarinnar neyðarrás 16, sameiginlegu rás björgunarsveita og bátabylgju. Fjölga þarf Tetra stöðvum og fjarskiptabúnaði reykkaflara.

5.5. Viðvörðunarbúnaður

Viðvaranir til almenninga eru gefnar út í samráði við AVDRLS og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVRIK.

5.6. Æfingarsvæði

Ekkert ákveðið æfingarsvæði er til hjá SLV en kominn er vísir að góðu æfingarsvæði í samstarfi við ISAVIA á Vestmannaeyjaflugvelli sem nýtist báðum aðilum vel við hinar ýmsu æfingar, en á svæðinu er m.a. yfirtendrunargámur SLV. Lokafrágangi og nánari útfærslu á svæðinu verður vonandi hægt að ljúka árið 2015 í samstarfi við ISAVIA-Vestmannaeyjum.

5.7. Annað

Frá útgáfu síðustu brunavarnaáætlunar hefur ýmislegt þokast í rétta átt hjá SLV. Meðal annars er búið að endurnýja tankbifreið og tækjabifreið, keyptar voru nýjar og fullkomnar björgunarklippur með góðri aðstoð nokkurra félagsamtaka í bænum og SLV fékk kerru með grunnbúnaði til þess að bregðast við mengunarslysum. Auk þessa þá hafa fjarskipti batnað til muna með fleiri TETRA-stöðvum en nauðsynlegt er að fjölga þeim enn frekar.

Heilbrigðisstofnunin Vestmanneyjum tók við rekstri sjúkrabílsins árið 2011 en fram að þeim tíma voru sjúkraflutningar á hendi lögreglu.

Sjúkrabíllinn er staðsettur á slökkvistöðinni og hefur það fyrirkomulag komið mjög vel út þar sem meirihluti sjúkraflutningamanna eru einnig slökkviliðsmenn. Einnig hefur öryggi slökkviliðsmanna stóraukist þar sem sjúkrabíll kemur nú alltaf með í forgangsrútköll –F1 og –F2

6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði SLV nær yfir alla Heimaey. Sjá fylgiskjöl 3., 4. og 5.

- Vestmannaeyjakaupstaður

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt kunnugir Heimaey og rata um vegi kaupstaðarins, en til taks eru götukort af bænum með brunahönum merktum inn á ef á þarf að halda í slökkvibifreiðum og slökkvistöð.

7. Vatnsból og brunahanar

Í Vestmannaeyjum eru 52 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 5 bar. Mjög auðvelt er að komast í sjó á öllu hafnarsvæðinu. Í slökkvibifreiðum og á slökkvistöð er kort af staðsetningu brunahana (sjá fylgiskjal 8). Fyrir sunnan þéttbýli þarf að taka allt vatn með sér en þar eru ekki brunahanar. Nauðsynlegt er að fara að huga að því að koma upp brunahönum á þessu svæði og á völdum svæðum í bænum þar sem langt er í brunahana, en talsverð uppbygging hefur átt sér stað utan þéttbýlis s.l. ár og eru flest þessara húsa úr timbri.

Vatn á Heimaey kemur um tvær vatnsleiðslur frá Landeyjum en engin nýtanleg vatnsból eru á eyjunni. Er önnur leiðslan 100 mm og hin 200 mm. Vatni er safnað í vatnstanka sem eru 300 m³ og 5000 m³. Á sólarhring er dælt 4800 tonnum.

Viðhald brunahana eru á vegum Hitaveitu Suðurnesja og endurnýjun þeirra er í samráði við slökkviliðsstjóra hverju sinni. Hitaveita Suðurnesja sér um að mæla afkastagetu þeirra. Þessum upplýsingum er komið til slökkviliðs jafnóðum og þær eru tilbúnar. Nánari upplýsingar er að finna hjá Hitaveitu Suðurnesja í Vestmannaeyjum.

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Nokkrar af stærstu áhættum á svæði slökkviliðsins í Vestmannaeyjum eru settar hér fram;



Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum Húsið er allt byggt úr steinsteypu, 4.236,4 m² að gólfleti og er 3 hæðir auk kjallara. Hafist var handa við byggingu hússins árið 1963 og því ekki lokið fyrr en árið 1975. Á fyrstu hæð er heilsugæsla læknaþjónusta, eldhús og skrifstofur. Á miðhæð eru sjúkrastofur, sem geta rúmað 28 sjúklinga, vaktherbergi, setustofur og hreinlætisaðstaða. Á þriðju hæð eru skrifstofur lækna og sjúkraþjálfun í austurálmum. Í suðurálmum er skurðstofa og fæðingarstofa. Í kjallara eru svo geymslur, loftræsti og hitunarbúnaður, líkhús og kapella. Að meðaltali

eru um 15 sjúklingar og vistmenn í húsnæðinu öllu og þar starfa 106 starfsmenn, en gera má ráð fyrir að starfsmenn séu að meðaltali 40-45 í stofnuninni daglega. Ef vá ber að höndum hjá Heilbrigðisstofnuninni er unnið eftir neyðaráætlun hennar. Nýlegt viðvörunarkerfi er í húsinu og verið er að vinna að endurbótum m.a. á brunahólfun í kjallara og þriðju hæð.

Niðurstaða:

Ekki mikil líkindi á stórum eldsvoða en verði hann er afleiðingin mikil og stór almannavarnaraðgerð þar sem margir þurfa að koma að. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í stofnuninni þegar öllum endurbótum á brunahólfunum verður lokið, en með aðstoð annarra björgunaraðilla á svæðinu. Slökkvibúnaður, slökkvitæki og brunaslöngur eru í stofnuninni samkvæmt kröfum um slíkt og er reglulegt eftirlit með þeim búnaði og er starfsfólk þjálfað í notkun hans. Aðgangur að vatni er nokkuð góður, næstu brunahanar eru við Sólhlíð og á mótum Helgafells og Kirkjubæjarbrautar.



Hraunbúðir dvalarheimili aldraðra. Húsið er einnar hæðar timburhús byggt á árunum 1975-76 og viðbygging úr steinsteypu var byggð árið 1990. Eldri hluti hússins er 1.966,7 m² og viðbyggingin er 524,5 m² að flatarmáli. Klæðingar allar eru í flokki eitt og brunahólfun tengd viðvörunarkerfi hússins. Á launaskrá stofnunarinnar eru 50 manns, en gera má ráð fyrir 25 í byggingunni daglega. Vistmenn geta verið 39 auk dagvistunarfólks, sem getur verið 10 til 20. Þannig að gera má ráð fyrir að fólk geti flest orðið 84 einstaklingar í byggingunni í einu.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á stórum eldsvoða sem leiðir af sér viðamiklar aðgerðir vegna slökkvistarfa og rýmingu nærliggjandi húsa. Brunaviðvörunarkerfi var endurnýjað fyrir um 10 árum og er í góðu lagi. Aðgangur að vatni er nokkuð góður, afkastamikill brunahani er örskammt frá húsinu, auk brunahanans við Hamarsskóla.



Leikskólinn Sóli Leikskólinn Sóli var formlega tekinn í notkun 01. mars 2007 þegar leikskólinn Rauðagerði og leikskólinn Sóli (gamli) voru sameinaðir undir einu þaki í nýju húsnæði við Ásaveg 11. Leikskólinn er fimm deilda skóli og stærð húsnæðis er 859,2 m². Húsið er allt byggt samkvæmt nýjustu reglum, úr steinsteypu og með klæðningar í flokki 1. Leiðar/neyðarlýsing og brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu.

Í leikskólanum eru að jafnaði um 80-90 börn en leikskólinn rúmar vel um 100 börn. Starfsmenn eru 26 talsins. Aðgangur að vatni er úr næstu brunahönum á mótum Kirkjubæjar og Helgafellsbrautar gegnt Sjúkrahúsinu.

Helgafellsbrautar og við Sólhlíð gegnt Sjúkrahúsinu.

Niðurstaða:

Litlar líkur á stórbruna, aðgengi er að húsinu bæði frá Ásavegi og bílastæði við sjúkrahús og aðgangur að vatni er úr næstu brunahönum á mótum Kirkjubæjarbrautar og Helgafellsbrautar og við Sólhlíð gegnt Sjúkrahúsinu.



Rauðagerði-frístundaheimili Er ekki vel byggt í brunatæknilegu tilliti og kemur þar aðallega til byggingarefni. Húsið er 496,7 m² timburhús 1 hæðar byggt árið 1974. Frístundaheimili fyrir unglinga. Allar klæðningar eru í flokki 2 og húsið allt eitt brunahólf, en neyðarlýsing, flóttaleiðir og brunaviðvörðunarkerfi eru til staðar. Aðgangur að vatni er úr næstu brunahönum á mótum Heiðarvegar og Bessastígs og Heiðarvegar og Hásteinsvegar.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða en verði hann áður en gerðar hafa verið umbætur á brunahólfum gæti farið svo að verja þyrfti nærliggjandi byggingar.



Leikskólinn Kirkjugerði Er timburhús fyrst byggt árið 1974, 244,6 m² og síðan byggt við það 318 m². Húsið er einar hæðar vinnustaður þar sem um 30 manns vinna. Gera má ráð fyrir að þegar flest er í stofnuninni séu það 15 starfsmenn og 90 börn. Klæðningar í eldra húsnæðinu eru í flokki 2, en viðbyggingin er byggð með kröfur byggingareglugerðar um slík hús að leiðarljósi. Í húsinu er neyðarlýsing og viðvörðunarkerfi. Gert er ráð fyrir að húsnæðinu sé skipt í tvö brunahólf, en sá frágangur er ekki fullfrágenginn.

Niðurstaða:

Ekki miklar líkur á stórbruna, en gerist það þarf að gefa gaum að Hraunbúðum sérstaklega, ef vindur er að austan. Næsti brunahani er við bílaplanið vestan við húsið.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Er nokkuð gott frá brunatæknilegu sjónarhorni. Það er byggt úr steinsteypu árið 1947, 1.913,3 m² að flatarmáli og stækkað um 1.259,1 m² árið 1995. Byggingin er 3 hæðir og ris. Á neðstu hæð vestur álmu eru kennslustofur og aðstaða húsvarðar, en í vesturálmu er verkmenntakennsla, vélasalur og tækjageymsla. Á annarri hæð eru auk kennslustofa skrifstofur skólans, samkomusalur og hreinlætisaðstaða. Á þriðju hæð er auk kennslustofa setustofa kennara og vinnustofur kennara. Starfsfólk við skólann er 25 og nemendur 200 – 220 og má

gera ráð fyrir að samtímis gætu flestir verið í byggingunni 245 manns. Sjálfvirkir sólalhringsvaktar viðvörðunarkerfi tengt brunahólfalokunum er í húsinu. Aðgangur að vatni er úr brunahana við Fjólugötu og við vatnsgeymi.

Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru ekki miklar en verði eldsvoði mun tjón takmarkast við afmarkaðan hluta hússins þar sem brunahólfun er góð. Veikur hlekkur í öryggismálum stofnunarinnar er vinnuherbergi kennara þar sem bæta þarf flóttaleið til austurs og er undirbúningur að því hafinn.



Barnaskóli Vestmannaeyja Er steinsteyp 3 hæðir 3.868,5 m². Fyrsti hluti hússins var byggður 1919 og síðan viðbyggingar 1959, 1971, 1989 og síðast árið 2000 voru settar upp 2 skólastofur úr timbri við norðurhlið hússins hvor um sig 92,1 m². Í byggingunni er sjálfvirkur brunaviðvörðunarkerfi með sólalhringsvöktun tengt lokunum á brunahólfum. Á neðstu hæð stofnunarinnar eru anddyri handavinnustofur, samkomusalur og kennslustofur í matreiðslu. Á miðhæð eru auk kennslustofa, skrifstofa skólans og setustofa kennara. Á efstu hæð eru

kennslustofur og bókasafn. Alls starfa við skólann 70 manns og nemendur eru 440. Gera má ráð fyrir að samtímis í byggingunni geti flest orðið 500 manns. Aðgangur að vatni er úr brunahönum við Bessastíg, Kirkjuveg og Heiðarveg. Yfir sumartímann kemur fyrir að íþróttahópar fái að gista í kennslustofum og er þá gerð krafa um næturvakt.

Niðurstaða:

Líkur á stórbruna eru ekki miklar og brunahólfun er góð. Neyðarútgangar góðir nema af efstu hæð í suðurálmu, þar sem bjargast þarf við strokka, sem velta þarf út um glugga. Á æfingum hefur komið í ljós að strokkar þessir virka, en eru hugsanlega ekki nægjanlega afkastamiklir og þarf því að gera nákvæma prófun á afkastagetunni og taka ákvörðun í framhaldi af þeirri niðurstöðu.



Hamarsskóli brunatæknilega séð er húsið vel byggt, steinsteyppt 3.716,1 m². Það var byggt árið 1984, viðbygging 1989 og síðan aftur 2003. Húsnæðið er einnar hæðar nema norðurálma, sem er tveggja hæða. Á neðri hæð eru auk hefðbundinna kennslustofa, handavinnustofur, kennslustofur í matreiðslu og samkomurými. Á efri hæð og suðurálmum eru auk kennslustofa, skrifstofa skólans, setustofa kennara og samkomusalur. Sjálfvirkir viðvörunarkerfi er í húsinu tengt lokum brunahólfa og vaktað allan

sólarhringinn. Aðgangur að vatni er í brunahana við norðurhlið hússins. Yfir sumartímamann fá íþróttahópar að gista í kennslustofum og er þá krafist næturvaktar.

Niðurstaða:

Liltar líkur eru á stórbruna, viðvörunarkerfi og brunahólfun í góðu lagi. Vinna við neyðaráætlun er í gangi þegar þetta er skrifað. Neyðarútgangar eru merktir og í góðu lagi, nema frágangur flóttaleiðar af svölum á norðurhlið er ófrágenginn.



Landakirkja, safnaðarheimili. Ekki verður sagt að kirkjubyggingin sjálf sé góð frá brunatæknilegu sjónarhorni, en safnaðarheimilið verður að telja nokkuð gott í því tilliti. Kirkjuskipið er hlaðið úr grjóti árið 1778, 286,1 m², seinna var svo byggður úr steinsteypu kirkjuturninn, sem er 4 hæðir. Kirkjugestir geta flestir orðið 250. Safnaðarheimilið var byggt úr steinsteypu árið 1989, 366,5 m² að gólf fleti og getur tekið 180 manns í sæti. Safnaðarheimilið er áfast anddyri kirkjunnar, en skilið á milli með brunaheldri hurð tengdri viðvörunarkerfi stofnunarinnar. Viðvörunarkerfið er tengt

sólarhringsvöktun. Í kirkjunni fara fram allar venjulegar kirkjuathafnir með kertaljósum og tilheyrandi, en í safnaðarheimili ýmsar uppákomur, tónleikar, erfðardrykkjur o.s.fr.

Aðkoma að vatni er úr brunahönum við Kirkjuvegi 67, Kirkjuveg og Vallargötu og við Bessastíg.

Niðurstaða:

Ekki er sérstök hættu á stórbruna, hjálpar þar viðvörunarkerfið og trygg brunavörn milli kirkju og safnaðarheimilis. Ekki verður þó litið fram hjá því að innviðir kirkjunnar eru flestir úr brennanlegu efni og komist eldur í þá má gera ráð fyrir miklu tjóni og að einhverju leiti óbætanlegu. Neyðarútgangar úr kirkjunni eru ekki til hvorki frá neðri hæð, efri hæð eða turni, og var safnaðarnefnd að vinna í þeim málum á sínum tíma en ekki er búið að bæta úr þessu ennþá.



Höllin skemmtistaður er byggt árið 2001 úr báruáli með burðarvirki úr límtré 1.584,6 m² að gólf fleti, tvær hæðir að hluta, en að mestu ein hæð. Húsið er nýtt sem samkomuhús. Í húsinu er eins og áður sagði rekinn samkomustaður og getur starfsmannafjöldi við ýmis tækifæri farið í 40 – 50 og gestir komist upp í 600. Húsið er nýtt og á að vera byggt samkvæmt kröfum og búið þeim öryggisbúnaði, sem kröfur eru um. Klæðningar í húsinu eru allar í flokki 1. Aðkoma að vatni er frá brunahana við Fjólugötu og frá geyminum sem húsið stendur á.

Í byggingunni er sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi. Gerð hefur verið brunahönnun fyrir húsið.

Niðurstaða:

Ekki mikil hættu á stórbruna og kemur þar til byggingarefnin.



Hótel Vestmannaeyjar Vestmannabraut 28

verður að teljast þökkalegt í brunatæknilegu tilliti þegar brunahólfun hefur verið lagfærð. Hóтелиð er byggt árið 1984 úr steinsteypu 3 hæðir 1.258,5 m² að gólf fleti. Á neðstu hæð eru veitingastaður, gestamóttaka og eldhús. Á 2 og 3 hæð eru 16 gestaherbergi tveggja manna og 2 eins manns. Í kjallara eru geymslur og rými fyrir gesti heitir pottar og fl.. Í öllu húsinu er nýtt sjálfvirkir viðvörðunarkerfi og neyðarlýsing. Aðkoma að vatni er frá brunahönum við Íslandsbanka og við Hilmisgötu.

Árið 2014 var tekin í notkun viðbygging við

hóтелиð til norðurs, 954m² sem stækkar það nánast um helming og er húsið því samtals 2212m², en sú bygging er öll samkvæmt nýjustu reglugerðum. Verið er að endurnýja brunahólfandi hurðir í gamla hlutanum.

Niðurstaða:

Ekki er mikil hættu á stórbruna, ef brunahólfun heldur, en ef mikill eldur kemst í húsið eru nokkrar byggingar í hættu, þar sem húsið er áfast öðru og önnur standa nálægt.



Gistiheimilið Hamar Herjólfsstötu 4. verður að teljast þökkalegt í brunatæknilegu tilliti, núverandi eigandi er búinn að lagfæra brunahólfun setja upp brunaviðvörðunarkerfi og setja upp neyðarlýsingu lagfæra rýmingu. Gistiheimilið var byggt árið 1982 úr steinsteypu 3 hæðir samtals 710 m² að gólf fleti. Á neðstu hæð er afgreiðsla morgunverðasalur og eldhús á annari og þriðju hæð eru 14 herbergi tveggja manna. Reglulegt eldvarnaeftirlit er einu sinni á ári. Aðkoma að vatni er frá brunahönum við Slökkvistöð og á horni Strandvegur og Heiðarvegs.

Niðurstaða:

Ekki mikil hættu á stórbruna, ef brunahólfun heldur þó ber að varast að húsið er samtengt gistiheimilinu Heimi .



Hótel Eyjar Bárustíg 2 er hús sem var fyrst byggt 1924 og síðan stækkað 1959 húsið var notað fyrir verslun og skrifstofur. Þremur efri hæðum hússins var síðan breytt 1998 í íbúðahótel en á jarðhæð er verslun og veitingastofa. Húsið skemmdist mikið í bruna árið 2011 en hefur allt verið endurnýjað og telst í dag vera í þokkalegu ástandi eldvarnalega séð, en búið er að bæta flóttaleiðir sem og að endurnýja neyðarlýsingu og brunaviðvörðunarkerfi.

Niðurstaða. ekki mikil hættu á stórbruna. Aðkoma að vatni er brunahani við Bárustíg 1.



Gistiheimilið Heimir Heiðarvegi 1 er ekki byggt með tilliti til þeirra krafna, sem nú gilda um brunahólfun o.f.l. og er því ekki gott hvað það varðar. Húsið er hlaðið og steinsteypt byggt árið 1943, 416 m² að gólfleti. Gistiheimilið er á 2., 3. og 4 hæð, en á jarðhæð er salur sem hýsir nú safn. Á annarri hæð er borðsalur og setustofa, en á 3. og 4. hæð eru gistiherbergi, hreinlætisaðstaða o.fl. Gistiheimilið getur hýst mest 36 manns og starfa tvær manneskjur við heimilið. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og er verið að vinna að lokafrágangi þess auk þess sem brunaslöngur eru á hverri hæð. Aðkoma að

vatni er úr brunahana gegnt húsinu Strandvegsmegin. Mjög lítil notkun er á húsinu yfir vetrartímann. Töluvert vantar á að brunahólfun og flóttaleiðir standist kröfur, en endurbætur á þessum þáttum eru hafnar og hefur verið fram haldið með hléum en enn vanar töluvert á að húsnaðið fullnægi öllum kröfum.

Niðurstaða:

Ekki eru neinar sérstakar eldhættur í húsinu, en verði mikill eldur laus í húsinu gæti þurft að verja nærliggjandi hús.



Sagnheimar Ráðhúströð er steinsteypt hús byggt árið 1974, 1.953 m² að gólfleti. Húsið er ekki sérlega vel byggt frá brunatæknilegu tilliti og kemur það helst til að klæðningar eru ekki í flokki 1, eins og kröfur kalla á um slíkar byggingar. Þess ber þó að geta að gert hefur verið átak í brunavörnum hússins svo að við verður unað. Ekki starfar við safnið margt fólk, en ómetanleg vermæti með sögulegt gildi eru geymd þar innandyra. Aðgangur að vatni er úr brunahana við Ráðhúströð og einnig á mótum Skólavegar og Hásteinsvegar, auk brunahana við Kirkjuveg.

Niðurstaða:

Litlar líkur á að stór eldur kvikni, húsnaðið er með brunaviðvörðunarkerfi og því ætti fólk ekki að vera í mikilli hættu. En verði eldur laus og komist mikill hiti í bygginguna má búast við miklu og óbætanlegur tjóni.



Ísfélag Vestmannaeyja er í dag vel byggt brunatæknilega séð með góðri brunahólfun, sjálfvriku brunaviðvörðunarkerfi og neyðarlýsingu. Það er byggt úr steinsteypu og úrithan einingum á árum 1976 til dagsins í dag. Húsin eru samanlagt að gólfbleti 7.680,9 m² að flatarmáli og að stórum hluta ein hæð. Þann 9. des. árið 2000 varð stórbruni í húsunum, sem varð svo stór, sem raun varð á vegna ófullnægjandi brunahólfunar. Nú hafa húsin verið byggð upp aftur og þess gætt að huga sérstaklega að brunavörnum og verða þær að teljast góðar. Í norðurhluta byggingarinnar er

vélasalur, stjórnstöð frystibúnaðarins og má gera ráð fyrir að á öllu frystikerfi hússins séu um 10 til 12 tonn af fljótandi ammoníaki. Forðageymar eru utandyra norðan við húsið á hafnarbakkanum. Starfsmannafjöldi eru um 50 manns og má gera ráð fyrir 30 til 40 manns séu innandyrá í einu. Á árinu 2015 hófstust framkvæmdir við umtalsverða stækkun á fyrirtækinu, en byggja á frystigeymslu og móttöku norðan við núverandi byggingu.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á eldsvoða, en ef svo færi er ekkert sem bendir til annars en að brunahólfun haldi og ætti þá SLV að ráða við það. Verði hinsvegar hróflað við hólfuninni og þess ekki gætt að ganga aftur tryggilega frá gætu afleiðingar orðið mjög alvarlegar eins og dæmin sanna. Við endurbyggingu hússins hefur sérstök áhersla verið lögð á öryggismál og eru afar litlar líkur á stóru efnaslysi, en varðandi óhöpp innandyrá hefur verið gert ráð fyrir neyðarútgönguleiðum. Verði aftur á móti mikill leki innan eða utandyra má gera ráð fyrir að rýma þurfi stórt svæði, sem hlýtur að markast mikið með tilliti til vindáttar.



Vinnslustöð Vestmannaeyja er alhliða fiskvinnslu fyrirtæki, sem hefur verið í byggingu frá árinu 1947 og hefur því miður kröfum um brunavarnir ekki verið sinnt sem skildi og verður því byggingin ekki talin góð frá brunatæknilegu tilliti. Um úrbætur vísast í brunavarnarskýrslu númer 2549 frá 1.júlí. 2004.

Byggingin er úr steinsteypu fyrsti hluti byggður árið 1947 og síðan í nokkur skipti viðbyggingar og er hún nú 14.603,9 m² að flatarmáli, húsið er 1-4 hæðir. Byggingarefni hússins gefur möguleika á góðri brunahólfun, en mikið vantar

upppá að frágangur að þessu leiti sé viðunandi. Búið er að setja brunaviðvörðunarkerfi í húsið. Ljóst er að frá upphafi hefur brunavörnum hússins verið og lítið sinnt en á síðustu árum hefur verið gert átak í þeim efnum. Aðkoma að vatni er úr brunahönum við Strandveg á mótum Hafnargötu og á mótum Hlíðarvegar, auk þess mjög stutt í sjó. Vélasalur fyrir frystibúnað fyrirtækisins er í suð-vesturhorni bygginganna og má gera ráð fyrir að magnið af ammoníaki á öllu frystikerfinu sé um 12 tonn. Forðageymar eru innandyrá, en allur umgangur um kerfið er góður að sjá. Hjá þessum hluta fyrirtækisins vinna að staðaldri um 70 manns.

Niðurstaða:

Ekki eru sjáanlegar einhverjar sérstakar íkveikjuhættur, en verði eldur laus í byggingunni er mikil hætt á stórtjóni og vafasamt hvort slökkviliðið hefur afl til að ráða við þann eld, sem þá gæti komist um bygginguna. Sömu sögu er að segja hvað varðar mengunarhættu vegna skyndilegs leka á frystikerfi, sem eins og áður er sagt er allt innandyrá.



Vinnslustöð Vestmannaeyja FIVE, mjölvinnsla er að mestu byggð úr steinsteypu og er elsti hluti frá árinu 1913. Síðan hefur margsinnis verið byggð við húsnæðið. Flatamál hússins er nú 6.551,6 m². Húsið er ekki gott með tilliti til brunavarna og ber þar sérstaklega á ófullkominni brunahólfun. Aðkoma að vatni er, brunahanar við Strandveg og sjór frá hafnarkanti. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

Niðurstaða:

Telja veður að nokkur eldhætta sé í byggingunni og er nokkur hættu á því að vegna ófullnægjandi brunahólfunar gæti eldur orðið það mikill að slökkviliðinu væri ofviða.



Ísfélag Vestmannaeyja FES, mólvinnsla er byggð úr steinsteypu og málmum á árunum 1967 til 1970, var fyrst 1.107,8m² að flatarmáli, en er nú orðin 8.781 m². Undanfarið ár hefur verið unnið að miklum breytingum á verksmiðjunni og má gera ráð fyrir að, að þeim loknum geti verksmiðjan talist góð frá brunatæknilegu sjónarmiði. Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni og reykklúgur í vinnslusal.

Niðurstaða:

Ekki eru miklar líkur á stórbruna í fyrirtækinu, en komist mikill hiti í húsnæðið gæti mikið tjón hlotist af. Ekkert bendir þó til að aðrar byggingar væru í hættu, en svartolíugeymir norðan við verksmiðjuna gæti reynst á hættusvæði, ef vindur stæði úr suðri. Aðkoma að vatni er úr brunahana við Fiskiðjuna og eins er auðvelt að komast í sjó.



Netagerðin Isnet Flötum 19. Frá brunatæknilegu sjónarmiði verður að telja húsnæðið lélegt. Það er byggð úr steinsteypu fyrst árið 1947 og síðan stækkað 1980 og er nú 2.494 m² að flatarmáli. Húsið er 3 hæðir og er ástæðan fyrir lélegri einkunn hvað varðar brunavarnir að stærstum hluta léleg hæðarskil. Ekki er sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi í byggingunni.

Niðurstaða:

Gerða verður ráð fyrir því að nokkrar líkur séu á því að eldur geti orðið laus í húsinu og má þá gera ráð fyrir miklum eldi, þar sem yfirleitt er mikið af síldar og loðnunótum geymt í húsnæðinu og gætu þá nærliggjandi hús verið í hættu. Aðkoma að vatni er úr brunahönum við Flatir og brunahana á slökkvistöð.



Íþróttamiðstöðin við Brimhóla verður ekki talin góð brunatæknilega séð að undanteknum nýja íþróttasalnum, sem tekin var í notkun árið 2002. Húsið er byggt árið 1976 og er burðarvirki úr límtrésbitum, en innveggir úr léttsteypu og timburgrind klæddri spónar plötum. Byggingin var að flatarmáli 3.414,5 m² og árið 2002 var tekin í notkun sambyggður nýr íþróttasalur 2.623m². Allur eldri hluti hússins var eitt brunahólf, en nýlega hefur verið gerð lagfæring á þeim þætti og eins eru skil milli eldri og yngri hluta frágengin eins og teikningar segja til um og verður því brunahólfun að teljast ásættanleg.

Yngri hlutinn er gerður úr stáli og áli og er burðarvirki úr óeldvarinni stálgrind. Sjálfvirkt viðvörðunarkerfi er í húsinu tengt sólarhringsvakt. Byggingin er hönnuð sem íþróttamannvirki og er ekki ætluð fyrir sýningar eða aðra viðburði s.s. tónleika.

Niðurstaða:

Ekki er sjáanleg nokkur sérstök brunahætta, en verði eldur laus í byggingunni, er augljóst að mjög erfitt er við að eiga, kemur þar sérstaklega til byggingarefni hússins. Komist slökkviliðið ekki mjög fljótt á staðinn má gera ráð fyrir miklu tjóni. Verði eldsvoði í húsinu gætu hús við Brekkugötu og Illugagötu verið í hættu. Aðkoma að vatni er úr brunahana við Brekkugötu og brunahana við Hraunbúðir eða úr sundlauginni.

Önnur stór fyrirtæki sem falla undir þessa skilgreiningu eru m.a.



Gosminjasafn, tekið í notkun árið 2014. Húsið er 1998,4m² stálgrindarhús með steinsteyptum sýningar og þjónusturýmum. Húsið er hannað og byggt samkvæmt nýjustu stöðlum og reglum, með fullkomnu brunaviðvörðunarkerfi, leiðar- og neyðarlýsingu. Á þaki hússins eru líka reykklúgur tengdar viðvörðunarkerfinu. Aðgangur að vatni er úr brunahana á gatnamótum Litlagerðis og Helgafellsbrautar

Eldheimar



Stálgrindarhús, 3034m² byggt árið 2008. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi og nú er loksins komin lokaniðurstaða varðandi fullnaðarfrágang á brunavörnum í húsinu en setja á reykklúgur á þak og gafla auk þess að sett verður sprinklerkerfi í austurhluta hússins þar sem afgreiðsla og pappalager er.

Frystigeymsla VSV



Eimskip

Steinsteypt 1330m² vöruafgreiðsluhús með límtrésbitum í þaki. Í suður- og austurhluta hússins er almenn vöruafgreiðsla en í norðuhluta er karageymsla og eru reyklúgur þar á þakinu. Hólfað er á milli með steypu og gifsklæðningu. Í húsinu er brunaviðv.kerfi og næstu brunahanar eru við skipalyftu og þurrkhús Löngu.



Samskip

Límtréshús, byggt árið 1978. Í austurhluta hússins er vörugeymsla en skrifstofur og geymsla í vesturhelming. Brunahólfun er ábótavant í húsinu en reyklúgur eru í þaki.



Skipalyftan

Stálgrindarhús, 1778m² byggt árið 1982. Í húsinu er stálsmiðja, skrifstofur og verslun. Töluverðar endurbætur hafa verið á húsinu síðastliðin ár og er m.a. búið er að setja brunaviðvörðunarkerfi í nýjasta hluta þess. Næsti brunahani er við húsið.



Stakkur/Marhólmur

Steinsteypt hús með límtrésbitum í þaki, 1820m², byggt árið 1974. Í nyrsta hluta hússins er matvælafyrirtækið Marhólmur en kæligeymsla undir fiskafurðir er í restinni. Húsið var nýlega tekið í gegn og leiðar- og neyðarlýsing, brunaviðvörðunarkerfi og góðar flóttaleiðir eru í húsinu. Reyklúgur eru á þaki. Næsti brunahani er rétt hjá húsinu.



Eldra(syðra) húsið er stálgrindarhús 850m², byggt árið 1983. Nýrra húsið er úr steinsteypu og yleiningum með burðarvirki úr stáli, 685m², byggt árið 2012. Ekki er búið að ganga endanlega frá húsinu og á m.a. eftir að setja upp brunaviðvörðunarkerfi.

Netagerðin Net



Skeljungur(er að flytja á næstuni)

Samskip/Olíudreifing

Skrifstofur og birgðageymslur fyrir smurolíur, glussa og önnur efni.

Skeljungur. 40-60 stk af 200 ltr tunnum.

Olíudreifing. 180 stk af 200 ltr tunnum, 15 stk tunnur af öðrum efnum

Klór/sýra 4 stk Bambar

Vítissódi 3stk bretti af pokum



Olíu og ammoníak-birgðir.

Eiðið.

- Tankur 1. Dísel 563 m³
- Tankur 2. Skipagas 948 m³
- Tankur 3. Skipagas 939 m³
- Tankur 4. MDO skipagas 2.203 m³
- Tankur 5. Bensín 60 m³
- Tankur 6. Bensín 120 m³
- Tankur 7. Bensín 60 m³
- Tankur 8. Úrgangsolía 545 m³
- Tankur 10. Vélaolía 25 m³
- Tankur 11. Vélaolía 20 m³
- Tankur 12. Litað skipagas 15 m³

Fiskimjölsverksmiðja Ísfélagsins FES.

- Tankur 1. Svartolía 380 1.500 m³
- Tankur 2. Verksmiðjuolía 2.688 m³

Fiskimjölsverksmiðja Vinnslustöðvar FIVE.

- Svartolía 5.000 m³

Tvisturinn bensínstöð.(neðanjarðar)

Bensín 2 x 20.000ltr Dísel 20.000ltr Vélaolía 20.000ltr

Skýlið bensínstöð.(neðanjarðar)

Bensín 1 x 10.500ltr og 1 x 9.000 ltr Dísel 9.000ltr Dísel litað 10.500ltr

Klettur bensínstöð.(neðanjarðar)

Bensín 20.000ltr Dísel 20.000ltr

Olís Græðisbraut. (neðanjarðar)

Bensín 8.000ltr ltr Dísel litað 4.000ltr(ofanjarðar)

Flugvöllur

Steinolía 16.000 ltr

Bensín 11.000 ltr

Aðrir tankar.(Dísel/úrgangsolía)

Smábátabryggju, Vigtartorg, FES-mjölgeymsla, Bragginn, Godthaab, Vélamiðstöðin, VSV-bræðsla og lyftarar, Skipalyftan, Samskip, Ísfélag karaport

!!Ammoníak!!

Ísfélag Vestmannaeyjar	18-22 þús.lítr
Vinnslustöð Vestmannaeyja	15-18 þús.lítr
Fiskiðjan	2-3 þús. lítr
VSV frystir	1-1,5 þús.lítr
Godthaab í Nöf	1,5 þús.lítr

Lýsisgeymar eru við báðar mjölverksmiðjurnar. Leiðslur frá bryggjubrún að flestum geymunum eru lagðar í jörð.

Niðurstaða:

Á Eiðinu er búið að gera miklar endurbætur steypa þrær sem samkvæmt reglugerðum eiga að taka allt að 90% leka úr stærsta olíutanki og þar voru settar olíuskiljur og endurgerðar allar girðingar og áfylling á bíla er til fyrirmyndar. Einnig er kælikerfi á tönkum á Eiðinu en hægt er að opna fyrir það á tveimur stöðum fyrir utan girðingu. Endurnýja þarf krana og loka fyrir kælikerfið. Aðkoma að vatni og sjó er í öllum tilfellum næg þó þyrfti að athuga betur með aðkomu fyrir sjó í kælileiðslur ef vatnsveita myndi þrjóta. Við mjölvinnslu Ísfélagsins er búið að steypa þrær og setja upp olíuskiljur. Þannig að geymslusvæði í Eyjum eru nokkuð góð. Aðkoma að vatni og sjó er í flestum tilfellum næg. Aðeins eru um 600 l af efni til froðugerðar til í Vestmannaeyjum.

9. Höfnin

Hafnarmannvirki í Vestmannaeyjum eru í eigu Vestmannaeyjabæjar og fer bæjarstjórn með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn er falin framkvæmda og hafnaráði og hafnastjóra.. Sjá yfirlitsmynd af hafnarsvæði í fylgiskjali 5.

Vestmannaeyjahöfn er aðalhöfn samkvæmt skilgreiningu umhverfisstofnunar og búin þeim búnaði sem krafist er um slíkar hafnir. Sá búnaður samanstendur af tveimur 20 feta upphituðum gámum sem innihalda meðal annars:

- Flotgirðingu(fjölnota).....300m
- Flotgirðingu(einnota).....100m
- Rafstöðvar.....2.stk
- Loftpressu
- Flotdælu
- Háþrýstidælu
- Hlífðarfatnað fyrir 10 manns
- Ljósastara, framlengingarsnúgur, fötur, skóflur o.fl. ásamt hreinsiefnum.

Í eigu Vestmannaeyjahafnar er dráttar- og hafnsögubátur 148 rúmllestir að stærð og er hann búinn búnaði til slökkvistarfa bæði með froðu og sjó, í honum er m.a. dæla sem afkastar 4.167 ltr. pr. mín. miðað við 11 bar þrýsting. Þá er í skipinu byssa (monitor) á brúarþaki, sem stjórnað er úr brú og er afkastageta hennar í samræmi við dæluna. Má segja að stöðug umferð sé um höfnina og eins eru einhverjar viðhalds og endurnýjunarframkvæmdir ár hvert við höfnina. Umferð farmskipa hefur verið 200 til 250 skip á ári, sem hafa flutt rúmlega 150.000 tonn að og frá henni. Herjólfur hefur og flutt 40 til 50 þúsund tonn af vörum og 68 þúsund bíla til og frá Eyjum síðustu ár. Farþegaflutningar Herjólfs hafa á síðustu árum verið u.þ.b. 300.000 manns.

Viðlegukantar í Vestmannaeyjum eru nú 1.820 m auk 60 m fyrir björgunar og hafnsögubáta, 130 m fyrir smábáta og 70 m fyrir ferju. Olíu móttaka er á tveimur stöðum við höfnina. Við Nausthamarsbryggju og við Binnabryggju.

Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum séu þau bundin við bryggju og reynir að halda a.m.k. eina æfingu á ári um borð í skipum.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á hafnarsvæðinu, sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000

Nauðsynlegt er að gera samning milli Framkvæmda-og hafnarráðs og slökkviliðs um að slökkvilið þjálfi mannskap og sinni mengunarvörnum á hafnarsvæðinu.

Hafnarstjóri og hafnsögumaður bera ábyrgð og annast aðgerðir vegna mengunar í höfninni sjálfri, og er vinna hafin við gerð nýrrar mengunavarnaáætlunar fyrir höfnina.

10. Samkomulag og samningar

Samstarfsaðilar

Umtalsvert samstarf er við þá aðila sem snerta starfsemi SLV. Helstu samstarfsaðilar eru.

- Almannavarnir Vestmannaeyja
- Björgunarfélag Vestmannaeyja
- Heilbrigðisstofnun í Vestmannaeyjum.
- Hitaveita Suðurnesja vegna vatnsöflunar
- ISAVIA
- Lögreglan og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
- Mannvirkjastofnun.
- Neyðarlínan 112
- Vestmannaeyjabær/Vestmannaeyjahöfn

Samningar

Engir formlegir samningar eru til en samvinna á milli t.d. Slökkviliðs Vestmannaeyja og ISAVIA er mjög góð og eru þeir í sérstökum boðunarróp hjá Neyðarlínunni og hafa verið tilbúnir að koma til aðstoðar þegar þess hefur verið óskað. Einnig hefur slökkvilið höfuðborgarsvæðisins SHS sent aðstoð þegar eftir henni hefur verið óskað. Stefnt er að því að hefja vinnu við gerð samninga á árinu 2015.

Gera þarf samninga við eftirtalda aðila:

- Vestmannaeyjahöfn-um aðstoð vegna mengunarslysa
- ISAVIA-vegna gagnkvæmrar aðstoðar og æfingasvæðis
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins-vegna stærri mengunarslysa og eldsvoða.

11. Annað

Í skátaheimilinu Faxastíg 38 er stjórnstöð almannavarnarnefndar Vestmannaeyja og þar er varaafli fyrir húsnaðið fengið frá varaafsvélum Hitaveitu Suðurnesja. Fjarskiptamöstur eru við skátaheimilið á Klifinu og Hánni.

Flugvöllur er á Heimaey. Flugvöllurinn er notaður fyrir reglubundið áætlunarflug og sjúkraflug.

Í a.m.k átta úteyjum eru veiðihús sem útilokað væri að komast tímanlega til með það að markmiði að bjarga húsinu ef eldur kæmi upp. Því þarf að leggja ríka áherslu á það að veiðifélögin séu með gott eigið eldvarnaeftirlit og í húsunum sé búnaður eins og reykskynjarar, eldvarnateppi og slökkvitæki, sem og að flóttaleiðir séu greiðfærar þannig að komast megi hjá manntjóni ef eldur verður laus.

12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

Helstu breytingar á húsnæði, bifreiðum, menntun og búnaði SLV koma hér fyrir neðan ásamt framkvæmdaáætlun. Rétt er að benda á að í smíðum er reglugerð um mönnun og búnað slökkviliða þar sem kveðið er skýrar á um lágmarksbúnað slökkviliða, mönnun í útkalli og afskriftareglur varðandi búnað slökkviliða.

12.1. Húsnæði

Bráðnauðsynlegt er að fara í það verk að finna slökkviliðinu nýjan samastað til frambúðar sem hæfir, og rúmar starfsemina, en núverandi húsnæði er engan vegin boðlegt, hvorki starfsmönnum né búnaði. Það myndir ekki leysa neinn vanda að láta slökkviliðið hafa allt húsið þar sem óhentugt er að vera með starfsemina á tveimur hæðum. Verulega hefur líka þrengt að athafnarsvæði/bílaplani stöðvarinnar eftir að Húsasmiðjan opnaði verslun sína í næsta húsi. Auk þess er líklegt að þær framkvæmdir sem þyrfti að fara í til að gera húsið nothæft yrðu allt of kostnaðarsamar, en það sem þyrfti að gera er m.a.

- Þetta hæðarskil vegna sjóleka frá fiskasafni
- Endurbæta/stækka hreinlætis- og starfsmannaaðstöðu
- Taka niður gólf í tækjageymslu
- Flóttaleið af efri hæð vantar
- Brunaviðvörðunarkerfi vantar í húsnæðið
- Endurnýja rafkerfi hússins
- Byggja við húsið

12.2. Bifreiðar

Mikilvægast sem þarf að endurnýja af bifreiðaflota SLV á komandi árum:

- **Bráðnauðsynlegt er að fjárfesta í körfu/stigabíl sem allra fyrst m.t.t. stærri og hærri bygginga s.s. hótela, fjöblýslishúsa og atvinnuhúsnæðis.**
- Huga verður að endurnýjun á dælubíl á næstu árum.

12.3. Menntun og búnaður

Eftirfarandi búnað þarf að endurnýja.

- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Auka við froðu/léttvatnsbirgðir
- Fjölga TETRA talstöðvum og fjarskiptabúnaði reykkafera
- Bæta við reykköfunartækjum og auka við lofthylki
- Mengunarvarnarbúnaður endurnýjaður.(fleiri galla)
- Ganga frá varanlegu æfingasvæði í samstarfi við ISAVIA
- Auka við almennan búnað og tæki slökkviliðsins m.a.slöngur
- Auka og viðhalda menntun slökkviliðsmanna.
- Gera samninga við samstarfsaðila
- Gera slökkviáætlun á stærri viðfangsefni.
- Auka æfingar slökkviliðsmanna vegna slökkvistarfs í skipum og þjálfunar vegna mengunarslysa.

12.4. Framkvæmdaáætlun

Neðangreind framkvæmdaáætlun er háð fjárveitingum Vestmannaeyjabæjar hverju sinni.

Á árinu 2015:

- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Viðhalda slöngueign
- Endurnýja eiturefnagalla
- Viðhalda- og endurnýja fjarskiptabúnað
- Viðhalda- og endurnýja annan tækjabúnað eftir þörfum
- Auka og bæta við menntun slökkviliðsmanna
- Læknisskoða slökkviliðsmenn og reykkafera eins og reglugerð mælir til um.
- Gera slökkvi- og aðkomuáætlanir
- Gera áhættumat

Á árinu 2016:

- **Endurnýja húsnæðið**
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Viðhalda slöngueign
- Viðhalda og endurnýja fjarskiptabúnað
- Viðhalda og endurnýja annan tækjabúnað eftir þörfum
- Auka og bæta við menntun slökkviliðsmanna
- Læknisskoða slökkviliðsmenn og reykkafera eins og reglugerð mælir til um.
- Endurmenntun slökkviliðsmanna

Á árinu 2017:

- **Kaupa kórpu/stigabíl**
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Viðhalda slöngueign
- Viðhalda og endurnýja reykköfunarbúnaði
- Viðhalda og endurnýja fjarskiptabúnað
- Viðhalda og endurnýja annan tækjabúnað eftir þörfum
- Auka og bæta við menntun slökkviliðsmanna
- Læknisskoða slökkviliðsmenn og reykkafera eins og reglugerð mælir til um.

Á árinu 2018:

- Kanna kaup á nýjum dælubíl
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Viðhalda slöngueign
- Viðhalda og endurnýja reykköfunarbúnaði
- Viðhalda og endurnýja fjarskiptabúnað
- Viðhalda og endurnýja annan tækjabúnað eftir þörfum
- Auka og bæta við menntun slökkviliðsmanna
- Læknisskoða slökkviliðsmenn og reykkafara eins og reglugerð mælir til um.
- Endurmenntun slökkviliðsmanna

Á árinu 2019:

- **Kaupa nýjan dælubíl**
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Viðhalda slöngueign
- Viðhalda og endurnýja reykköfunarbúnaði
- Viðhalda og endurnýja fjarskiptabúnað
- Viðhalda og endurnýja annan tækjabúnað eftir þörfum
- Auka og bæta við menntun slökkviliðsmanna
- Læknisskoða slökkviliðsmenn og reykkafara eins og reglugerð mælir til um.

Dreifingarlisti

- Almannavarnarnefnd Vestmannaeyja
- Björgunarfélag Vestmannaeyja
- Mannvirkjastofnun
- Heilbrigðisstofnun suðurlands Vestmannaeyjum
- Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
- Neyðarlínan
- Hitaveita Suðurnesja
- RKÍ Vestmannaeyjadeild
- Vestmannaeyjabær
- ISAVIA

Heimildir

Áhættumat er unnið úr gögnum SLV

Lög um brunamál nr. 75/2000

Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar sveitarfélaga sept. 2001

Tillaga að aðalskipulagi.

Deiliskipulag hafnarsvæðisins í Vestmannaeyjum

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits.

Eldvarnaeftirlit er samkvæmt *reglugerð nr. 198/1994 um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun*.

Með atvinnuhúsnæði er í þessari reglugerð átt við húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelst eða vistast og hverskonar atvinnustarfsemi fer fram.

Úr reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun.

6.2. Hótel, heimavistir, verbúðir, heilsuhæli, hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, ellíheimili og aðrar hliðstæðar byggingar.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gístiaðstöðu eða svefnplássum fyrir færri en 10 manns, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gístiaðstöðu eða svefnplássum fyrir a.m.k. 10 manns en færri en 50 manns, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, með gístiaðstöðu eða svefnplássum fyrir 50 manns eða fleiri, skal skoða a.m.k. árlega.

6.3. Samkomuhús, þ.m.t. félagsheimili, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, hús með funda- og sýningasölum, íþróttahús og stórir fjallaskálar, kirkjur, safnaðarheimili og önnur hús sem notuð eru í svipuðum tilgangi.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir færri en 50 manns (gestir og starfsfólk), skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir a.m.k. 50 manns en færri en 150 manns (gestir og starfsfólk) skal skoða a.m.k. árlega.

Hús, eða afmarkaða rekstrareiningu í húsi, fyrir 150 manns eða fleiri (gestir og starfsfólk) skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.4. Skólar og dagvistarstofnanir.

Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir færri en 50 manns (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili. Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir a.m.k. 50 manns en færri en 150 manns (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. árlega. Kennsludeildir í skólum og dagvistarstofnanir fyrir 150 manns eða fleiri (nemendur eða vistmenn og starfsfólk) skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.5. Verslanir.

Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum undir 150 m², skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum 150 m² en undir 600 m², skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Verslanir með gólfflöt að fylgirýmum meðtöldum 600 m² og þar yfir, skal skoða a.m.k. árlega.

Séu ofangreind rekstrarrými hluti af byggingu en ekki í eigin og afmarkaðri brunasamstæðu (a.m.k. A60 brunaskil: gólf, loft og innveggir), fellur hús í heild sinni undir ofangreind tímamörk um eldvarnaeftirlit.

6.6. Yfirbyggðar bílageymslur.

Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) undir 600 m², skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) 600 m² en undir 2000 m², skal skoða a.m.k. árlega.

Bílageymslur sem hafa samanlagt gólfflatarmál (bílastæði og fylgirými) 2000 m² og þar yfir, skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

6.7. Iðnaðar- og geymsluhús.

Iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, þar sem samanlagður gólfflötur er undir 200 m² og brunaálag er lítið (undir 100 MJ/m²) og starfseminni fylgir lítil eldhætta að mati slökkviliðsstjóra, skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju tveggja ára tímabili.

Iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, þar sem samanlagður gólfflötur er undir 200 m² en uppfyllir ekki ofangreind skilyrði um brunaálag og eldhættu, skal skoða a.m.k. árlega.

Öll önnur iðnaðar- og geymsluhús, þ.m.t. fiskvinnsluhús, skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári.

Þar sem unnið er með mjög eld- og sprengifim eða eitruð efni, eða þar sem slík efni eru geymd, skal haga eldvamaeftirliti í samræmi við lög og reglugerðir um þessháttar efni eða samkvæmt nánari reglum og fyrirmælum Brunamálastofnunar ríkisins og/eða Vinnueftirlits ríkisins og/eða Hollustuverndar ríkisins.

6.8. Friðaðar byggingar, listasöfn og minjasöfn.

Friðaðar byggingar skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstakar slíkar byggingar skuli skoða oftár ef hún telur að mikil verðmæti séu í húfi.

Lista- og minjasöfn og álíka hús skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári. Sveitarstjórn ger ákveðið að einstök slík söfn megi skoða sjaldnar ef hún telur að lítil verðmæti séu í húfi.

6.9. Atvinnuhúsnaði í landbúnaði.

Almenn gripahús; hlöður og geymsluhúsnaði skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Eldvarnaeftirlit er í dag unnið út frá nýju og fullkomnu kerfi frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins SHS, sem kallast *Brunavörður*, þar sem farið er í skoðanir með spjaldtölvu, athugasemdir gerðar og myndir teknar. Skýrslan er síðan send í borðtölvu þar sem lokafrágangur á henni fer fram áður en hún er send viðkomandi með athugasemdum, myndum og þeim kröfum sem farið er fram á. Allar skýrslurnar eru vistaðar og geymdar í gagnagrunni hjá SHS en listinn yfir skoðunarskyld fyrirtæki er vistaður hjá eldvarnaeftirliti SLV.

Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits(fjöldi getur verið breytilegur milli ára)

Tvisvar sinnum á ári

22.fyrirtæki

Einu sinni á ári

55.fyrirtæki, að minnsta kosti.

Annað hvert ár

12.fyrirtæki, að minnsta kosti.

Fylgiskjal 2

Menntun slökkviliðsmanna samkv.gildandi reglugerð.

Fornám: Nýliðar skulu ljúka að lágmarki 20 kennslustunda fornámi áður en þeir hefja störf sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Fornámið er í umsjón og á ábyrgð viðkomandi slökkviliðs en Brunamálaskólinn lætur slökkviliði í hendur gögn vegna fornáms, svo sem námslýsingu, kennsluefni og próf. Að loknu námi skal nemandinn vera hæfur til starfa sem byrjandi í hlutastarfandi slökkviliði.

Hlutastarfandi slökkviliðsmaður:

Brunamálaskólinn veitir kennslu í fjórum hlutanámskeiðum og skulu hlutastarfandi slökkviliðsmenn sækja þau námskeið sem falla að því þjónustustigi sem sveitarfélagið hefur ákveðið að veita samkvæmt brunavarnaráætlun.

Námskeið 1: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun og dælingu.

Námskeið 2: Námskeiðið er tvö 30 kennslustunda námskeið og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til reykköfunar, hafa þekkingu á þróun innanhússbruna og yfirtendrun.

Námskeið 3: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til björgunar fólks úr bílflökum, klippuvinnu og skyndihjálpar við slasaða.

Námskeið 4: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til að beita réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Áður en nám er hafið skal viðkomandi hafa lokið námskeiði 2.

Einnig er reynt að senda menn á önnur námskeið sem í boði eru hjá Brunamálaskólanum s.s. þjálfunarstjóránámskeið og námskeið fyrir stjórnendur hlutastarfandi liða en í dag hafa fimm menn lokið þjálfunarstjóránámskeiðið og tveir stjórnendanámskeiði.

Þeir slökkviliðsmenn sem hófu starf fyrir árið 1994 teljast allir vera með full réttindi samkvæmt eldri reglugerðum.

Menntunaráætlun

Námskeið	Ár	Fjöldi
Bóklegt fjarnám: Námskeið 1, námskeið 2, fyrri og seinni hluti	2015	5
Verklegt próf: Námskeið 1, námskeið 2, fyrri og seinni hluti	2015	6
Stjórnandi hlutastarfandi liðs	2016	2
Námsekið 4	2016	8
Endurmenntun	2016	10
Þjálfunarstjóri yfirtendrunargáms	2017	2
Námskeið 3	2018	8
Endurmenntun	2018	10

Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Vestmannaeyja

Nafn	Hóf starf	Fæð.ár	Námsk1	Námsk2 f.hl	Námsk 2 s.hl	Námsk3	Námsk4	Eldv.eftI-II-III	Stjórn	Þjálf.stj	EMT
Ragnar Þór Baldvinsson	1971	1945	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð				2005		2007		
Stefán Örn Jónsson	1973	1953	Full réttindi samkv.eldri.		2003	2006	2005				
Friðrik Páll Arnfinnsson	1996	1970	2011	2000	2003	2006	2005	05,09,10	2007	2010	2004
Gústaf Adolf Gústafsson	1993	1974	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005				2004
Arnar Ingí Ingimarsson	2005	1982	2011	2011	2011	2006				2011	
Arnar Smári Gústafsson	2014	1993									
Arnór Arnórsson	2011	1989	2011	2011	2011						2009
Birgir Guðjónsson	1977	1949	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								
Einar Steingrímsson	1976	1951	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								
Georg Skæringsson	1991	1966	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005			2011	
Grímur Guðnason	1980	1960	Full réttindi samkv.eldri		2003		2005				
Guðmundur Gíslason	1987	1963	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005			2011	
Guðmundur Richardsson	1980	1963	Full réttindi samkv.eldri		2003		2005				
Guðni Georgsson	1980	1957	Full réttindi samkv.eldri		2003		2005				
Halldór Ingí Guðnason	2005	1986				2006					
Hannes Kr. Eiríksson	2005	1982				2006					
Hörður Þórðarson	1990	1952	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								
Ívar Atlason	1987	1965	Full réttindi samkv.eldri		2003		2005				
Jón Gísli Benónýsson	2012	1975									2008
Óskar Árnason	1973	1946	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								
Ragnar Þór Jóhannsson	2007	1988									
Sigurður Georgsson	1974	1954	Full réttindi samkv.eldri		2003		2005				
Sigbór Ingvarsson	1975	1953	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005				
Sindri Georgsson	2014	1991									
Smári Kristinn Harðarson	1991	1965	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005				
Steingrímur Svavarsson	1991	1961	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006					
Sævar Benónýsson	2007	1985	2011	2011	2011					2011	
Þórarinn Ólason	1991	1963	Full réttindi samkv.eldri		2003	2006	2005				
Þórarinn Sigurðsson	1973	1945	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								
Þórður Hallgrímsson	1977	1953	Full réttindi samkvæmt eldri reglugerð								

Fylgiskjal 3



Fylgiskjal 4



Fylgiskjal 5



Fylgiskjal 6

Æfingaáætlun Slökkviliðs Vestmannaeyja

Æfingar eru að jafnaði einu sinni í mánuði, á laugardagsmorgnum frá kl:09.00-12.00

Yfir sumartímann er liðinu skipt í fjóra hópa sem skipta helgunum á milli sín og hafa menn þá viðveruskyldu á Heimaey frá föstudegi til mánudags. Er þetta gert til að tryggja að alltaf sé lágmarksmannskapur til taks yfir helstu ferðamánuði ársins.

Á æfingum er farið yfir m.a.:

- Slöngulagnir
- Dælingar
- Reykköfun
- Reyklosun
- Vatnsöflun
- Klippuvinnu
- Slökkvistarf í skipum
- Flugvélaeldar
- Mengunarslys
- Bílabrunar
- Húsbrunar
- Brunar í atvinnuhúsnæði
- Öryggismál
- Stjórnun
- Fjarskipti
- Stigar
- Vettvangsskoðanir

Samkvæmt lögum er lágmarks æfingartími 20 tímar og auk þess bætast 25 tímar við hjá þeim sem sinna reykköfun.

Æfingaáætlun miðast við að þjálfun og æfingar slökkviliðsmanna uppfylli þjónustustig sveitarfélagsins. Æfingaáætlunin getur raskast og fer það oft eftir því hversu góð mæting er á æfingar, hvaða æfingu er hægt að halda hverju sinni en til að tryggja það að allir fái þjálfun í öllum meginþáttum þá hafa menn verið ræstir sérstaklega út.

Æfingar slökkviliðsmanna eru allar skráðar til að hafa góða yfirsýn yfir menntunarmál og mætingu þeirra.

Fylgiskjal 7

Brunahanar

HAWLE Darling NIÐURGRAFINN

	Staðsetning	P=B	Q=U.S.G	P=PSI	Q=l/s	Leiðsla
1	Áshamar 40	2,5	100	36,26	6,3	¢225 plast
2	Bárugata 1	5,0	142	72,5	9,0	¢180 plast
3	Hamarsskóli	5,5	145	79,75	9,3	¢225 plast
4	Bessahraun 15	4,0	111	58,01	7,0	¢110 plast
5	Bessastígur 7c v/Barnaskóla	2,3	89	33,58	5,6	¢110 plast
6	Brekkugata 16	5,7	150	82,67	9,5	¢110 plast
7	Brimhólabraut 34	1,8	82	26,10	5,2	¢200 asb.
8	Brimhólabraut 22	2,2	96	31,90	6,0	¢200 asb.
9	Búastaðbraut 25	2,0	85	29	5,4	¢180 plast
10	Búhamar 70	2,5	100	36,26	6,3	¢110 plast
11	Dverghamar 28	4,5	135	65,27	8,5	¢140 plast
12	Dverghamar 2 /Hraunhamar	7,0	174	101,5	11,0	¢180 plast
13	Elliheimumilið v/Hraunveg	4,8	140	69,62	8,8	¢225 plast
14	Faxastígur 6 v/Betel	3,3	115	47,86	7,3	¢110 plast
15	Fjólugata 27	3,7	125	53,67	7,9	¢200 asb.
16	Flatir v/Lifró	4,0	100	58,01	6,3	¢110 plast
17	Flatir 22	3,0	111	43,51	7,0	¢110 plast
18	Flugstöð	4,0	130	58	8,2	¢110 plast
19	Eiði 10 v/Langa fiskþurkun	4,2	111	60,91	7,0	¢110 plast
20	Foldahraun 23	5,2	145	75,42	9,2	¢110 plast
21	Friðarhöfn-FIVE löndun	4,3	105	62,36	6,6	¢110 plast
22	Friðarhöfn-Eiði v/ Net	4,1	132	59,45	8,3	¢180 plast
23	Skipalyfta-norðan spilhús					¢180 plast
24	HÁSTEINSVEGUR 2	3,3	115	47,86	7,3	¢150 asb.
25	Hásteinsvegur 17	3,3	115	47,86	7,3	¢150 asb.
26	HÁSTEINSVEGUR 32	3,3	115	47,86	7,3	¢200 asb.
27	Hásteinsvegur 42	3,3	115	47,86	7,3	¢200 asb.
28	HÁSTEINSVEGUR 56	3,0	110	43,51	7,0	¢200 asb.
29	HÁSTEINSVEGUR 58	3,0	110	43,51	7,0	¢200 asb.
30	Hásteinsvegur 64	2,5	100	36,26	6,3	¢150 asb.
31	Hátún	2,7	105	39,2	6,6	¢250 asb.
32	Helgafellsbraut/Litlagerði					¢140 plast
33	Heiðavegur 45	2,5	100	36,26	6,3	¢200 asb.
34	Hilmisgata 1	3,8	125	55,11	7,9	¢100 asb.
35	Hlíðavegur norðan v/blokkina	2,7	105	39,16	6,6	¢150 asb.
36	Hrauntún 26	4,5	135	65,27	8,5	¢200 asb.
37	Höfðavegur 40	4,0	130	58	8,2	¢180 plast
38	Illugagata 50	4,8	140	69,62	8,8	¢110 plast

39	<i>Kirkjubæjarbraut 7</i>	3,0	110	43,51	7,0	€110 plast
40	<i>Kirkjuvegur 21 v/Lundann</i>	4,5	135	65,27	8,5	€250 plast
41	<i>Kirkjuvegur 67</i>	2,8	107	40,61	6,7	€250 asb.
42	<i>Nausthamarsbryggja-FES</i>					€110 plast
43	<i>Sólhlíð 20 v/ Sjúkrahúsið</i>					€110 plast
44	<i>Kirkjuvegur 52 v/Safnahús</i>	3,4	118	49,31	7,4	€110 plast
45	<i>Skansvegur 2 v/Landlist</i>	4,3	105	62,36	6,6	€90 plast
46	<i>Sorpbrennslan</i>	3,0	110	43,51	7,0	€110 plast
47	<i>Strandvegur 52 v/Eyjabúð</i>	4,4	133	63,82	8,4	€225 asb
48	<i>Tangagata 7</i>	4,4	133	63,82	8,4	€225 asb.
49	<i>Vallagata 18</i>	2,2	96	31,90	6,0	€250 asb.
50	<i>Vesturvegur 15a v/Kúluhúsið</i>	2,7	105	39,16	6,6	€90 plast
51	<i>Vestmannabraut 47 v/Líf.sj</i>	3,7	123	53,67	7,8	€90 plast
52	<i>Hlíðavegur/Strandvegur</i>	3,9	148	56,55	8,0	€225 asb.
53	<i>Ægisgata 2 v/Fiskiðjuna</i>	4,0	130	58	8,2	€180 plast
54	<i>Vatnstankur Löngulág dæluh.</i>					

Fylgiskjal 8

Staðsetning brunahana í Vestmannaeyjum 2014

